

# Reglugerðir ÍSS

---

<b>I.kafli: Almenn</b>	<b>2</b>
<i>Reglugerð nr. 1 Aðildar- og iðkendagjöld</i>	2
<i>Reglugerð nr. 2 Siðareglur ÍSS</i>	2
<i>Reglugerð nr. 3 Vanhæfi</i>	3
<i>Reglugerð nr. 4 Skautari ársins</i>	3
<i>Reglugerð nr. 5 – 9 frátekningar</i>	3
<b>II.kafli: Nefndir ÍSS</b>	<b>4</b>
<i>Reglugerð nr. 10 Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala</i>	4
<i>Reglugerð nr. 11 Dómara- og tækninefnd</i>	5
<i>Reglugerð nr. 12 Þjálfunar- og fræðslunefnd</i>	5
<i>Reglugerð nr. 13 Afreksnefnd</i>	6
<i>Reglugerð nr. 14 Mótanefnd</i>	7
<i>Reglugerð nr. 15 Laganefnd</i>	7
<i>Reglugerð nr. 16 Kjörnefnd</i>	7
<i>Reglugerð nr. 17-19 frátekningar</i>	8
<b>III.kafli: Móta- og keppnisreglur</b>	<b>9</b>
<i>Reglugerð nr. 20 Mót</i>	9
<i>Reglugerð nr. 21 Keppnisreglur ÍSS</i>	11
<i>Reglugerð nr. 22 Keppniskerfi félaga</i>	11
<i>Reglugerð nr. 23 Grunnpróf</i>	11
<i>Reglugerð nr. 24 Skautum regnbogann</i>	12
<i>Reglugerð nr. 25 Merkingar og auglýsingar</i>	12
<i>Reglugerð nr. 26 Starfsfólk dómarapanel</i>	12
Vinnuskylda	12
Stigakerfi ÍSS	13
Reglur um val starfsmanna	16
<i>Reglugerð nr. 27-29 frátekningar</i>	16

## I.kafli: Almennt

### Reglugerð nr. 1 Aðildar- og iðkendagjöld

Aðildarfélög ÍSS greiða aðildargjald til ÍSS sem er föst upphæð ákveðin af stjórn ÍSS. Gjaldldagi aðildargjalda er 1. september ár hvert.

Iðkendur aðildarfélaga ÍSS greiða iðkendagjald til ÍSS sem er föst upphæð ákveðin af stjórn ÍSS. Gjaldldagi iðkendagjalda er einu sinni á hvorri önn, 1. maí og 1. desember, ár hvert fyrir hvern iðkanda. Aðildarfélög innheimta gjaldið af iðkendum sínum og greiða til ÍSS.

Iðkendagjald miðast við skráða iðkendur aðildarfélaga. Iðkendalistar skulu uppfærðir annars vegar 15.apríl vegna greiðslu 1.maí og hins vegar 15.nóvember vegna greiðslu 1.desember.

ÍSS styðist við skilgeiningar um iðkendur í reglugerð ÍSÍ um féлага-, iðkenda- og keppendatal.

### Reglugerð nr. 2 Siðareglur ÍSS

ÍSS starfar eftir siðareglum ÍSÍ og ISU. Í samræmi við þær siðareglur setur stjórn siðareglur ÍSS.

Þessar siðareglur eiga við um stjórn ÍSS, aðildarfélög og stjórnir þeirra, starfsmenn, sjálfbóðaliða, keppendur, þjálfara, foreldra og hvern þann sem kemur að viðburðum og starfsemi listskauta og er þeim skylt að fara eftir þeim.

Kynntu þér og tileinkaðu þér siðareglur sem hér er að finna. Komdu fram af fullkomnum heilindum og láttu framkomuna endurspeгла viðhorf þitt til grundvallarreglna og markmiða Skautasambands Íslands.

1. Lestu og kynntu þér reglur ÍSS og láttu framkomu og hegðun endurspeгла þær
2. Hafðu að leiðarljósi heiðarleika, hlutleysi og sanngirni í samskiptum innan íþróttarinnar
3. Sýndu fordæmi með íþróttamannslegri hegðun og gagnkvæmri virðingu.
4. Með þátttöku á viðburðum íþróttarinnar fylgir einnig rík ábyrgðarskylda. Á íþróttaviðburði er óheimilt að:
  - Neyta eða hafa í fórum sér fíkniefni
  - Taka beint eða óbeint þátt/aðstoða við brot á lyfjareglum eða annarri brotlegri hegðun. Með slíkri hegðun er komið órorði á íþróttina og sýnir að auki ungum einstaklingum slæmt fordæmi.
5. Sýndu ávallt virðingu gagnvart skauturum, þjálfurum, sjálfbóðaliðum og starfsfólki. Innan íþróttarinnar er meirihluti iðkenda á mótunarárnum sínum og skal því hafa aðgát í nærveru sálar að leiðarljósi.
6. Verandi hluti af viðburðum íþróttarinnar tekur viðkomandi þátt í mótun og ímynd listskauta út á við og skal því haga sér eftir því. Viðkomandi gerir sér grein fyrir að hvort heldur sem jákvæð eða neikvæð orðræða og hegðun þ.m.t. á samfélagsmiðlum hefur áhrif á ímynd íþróttarinnar sem hann starfar innan.
7. Ekki skal misbjóða virðingu og sanngirni einstaklinga á forsendum kynferðis, þjóðernis, kynþáttar, litarhafts, menningar, tungumáls, trúarbragða, kynhneigðar og skoðana.
8. Með öllu er óheimilt að taka við eða gefa gjafir ef verðmæti þeirra er umfram það sem eðlilegt getur talist. Að sama skapi er ekki heimilt að þiggja gjafir í skiptum fyrir greiða sem af hlýst brot á siðareglum.
9. Óheimilt er að stunda veðmál innan íþróttarinnar í tengslum við keppnishald eða viðburði sem tengjast listskautum.
10. Sýndu hlutleysi í samskiptum. Komi upp hagsmunaárekstur vegna máls sem tengist beint persónulegum málum skal viðkomandi draga sig úr umræðu, mati eða kosningu þess málefnis sem um ræðir.
11. Misnotaðu ekki stöðu þína og vald. Hvorki með kynferðislegum tilburðum eða öðrum hætti

12. Sem sérfræðingi innan íþróttarinnar er heimilt að taka þátt í opinberri umræðu í fjölmiðlum ef umfjöllunin er hluti af stærri viðburði sem og ef viðkomandi gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að ræða íþróttina í jákvæðu og uppbyggilegu ljósi á hlutlausan hátt þar sem þess er gætt að ekki hallar á einn fremur en annan.
13. Sem fulltrúi sambandsins og íþróttarinnar almennt gerir viðkomandi sér grein fyrir að gerist hann brotlegur á siðareglum ÍSS getur það haft áhrif á mat til frekara samstarfs.

Siðareglur byggja á heiðarleika og siðferði hvers einstaklings sem reglurnar eiga við um. Brot á siðareglum skal vísað til Stjórnar ÍSS til frekari skoðunar.

### **Reglugerð nr. 3 Vanhæfi**

Stjórnar-/nefndarmanni ber að víkja úr sæti við meðferð og afgreiðslu mála þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Stjórnar-/nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

- Sé hann aðili máls.
- Tengist málsaðila fjölskylduböndum.
- Ef aðstæður draga óhlutdrægni hans í efa með réttu.

Gerir stjórnar-/nefndarmaður sér grein fyrir að hagsmunaaðrekstrar muni skapast skal hann vekja athygli á því. Honum er heimilt við meðferð máls sem vanhæfi hans nær til að gera grein fyrir afstöðu sinni.

Stjórnar-/nefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundinn og þess getið í fundargerð.

### **Reglugerð nr. 4 Skautari ársins**

Stjórn ÍSS veitir í árslok viðurkenningu til skautara þyki einhver hafa skarað fram úr á árinu. Hægt er að veita titil til konu og karls.

Við valið skal styðjast við eftirfarandi

- Skautarinn skal vera a.m.k. 16 ára á árinu
- Gengi á alþjóðlegum mótum
- Gengi á ÍSS mótum eða sambærilegum mótum
- Virk þátttaka á tímabilinu
- Prúðmennska og fyrirmynd

Afreksnefnd skilar inn niðurstöðu til stjórnar ÍSS um val á skautara ársins eins fljótt og kostur er. Val er formlega staðfest af stjórn ÍSS.

### **Reglugerð nr. 5 – 9 frátekna**

## II.kafli: Nefndir ÍSS

### Reglugerð nr. 10 Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala

Nefndir ÍSS skulu að lágmarki hafa 4 meðlimi: formann, varaformann og ritara auk tengiliðs við stjórn ÍSS.

Stjórn skal kjósa formann nefnda og, í samráði við hann, samstarfsmenn hans. Heimilt er að bjóða sig fram í nefnd ef áhugi er fyrir hendi og ef viðkomandi uppfyllir inntökuskilyrði.

Skipað er í nefndir til tveggja ára í senn sé þess kostur samkvæmt reglugerð viðkomandi stjórnar.

Fastanefndir ÍSS eru skv. 14.gr. laga Skautasambandsins:

- Mótanefnd
- Afreksnefnd
- Laganefnd
- Dómara- og tækninefnd
- Þjálfunar- og fræðslunefnd

#### Verkaskipting skal vera eftirfarandi:

Formaður:

- Sér um að boða fundi nefndarinnar og stjórna þeim.
- Er samstarfsaðili tengiliðs stjórnar ÍSS.
- Skal sitja fundi með stjórn ÍSS þegar tillögur ráðsins eru kynntar og ef þess er óskað.
- Úthlutar verkefnum, stýrir fundum og fylgir eftir að verkefni séu fullkláruð áður en þau eru send til stjórnar

Varaformaður: er staðgengill formanns í fjarveru hans.

Ritari: ritar fundi og sendir fundargerðir á nefndarmeðlimi og tengilið stjórnar innan við viku frá fundi.

Meðstjórnendur: Skulu vinna að stefnumótun mála og taka að sér verkefni sem þarfnast úrlausnar.

Tengiliður stjórnar: Hefur heimild til að sitja fundi nefndar sem áheyrnarfulltrúi en hefur ekki atkvæðarétt.

Ef einn eða fleiri nefndarmenn eru ekki íslenskumælandi skulu samskipti fara fram á ensku.

Nefndir skulu hittast að lágmarki 3 sinnum á ári og sinna þeim málefnum sem falla undir verksvið þeirra á tilsettum skilafresti. Fundargerðir skulu ritaðar og sendast á nefndarmeðlimi innan við viku frá fundi. Tillögur nefnda skulu vera skriflegar og rökstuddar og sendast til stjórnar til yfirferðar og samþykktar. Hafi stjórn athugasemd við einhver atriði skal tillagan send aftur til frekari útskýringar og/eða rökstuðnings áður en hún er endanlega afgreidd.

Lýðræði gildir um störf nefndanna sem þýðir að meirihluti atkvæða kveður á um úrskurð, að öðrum kosti er hægt að gera grein fyrir séráliti til að koma öllum skoðunum á framfæri en ætíð skal skila meirihlutaáliti til stjórnar.

Öll skjöl sem byggð eru á tillögum nefndar skulu send nefndarmeðlimum til samþykktar áður en þau eru send fyrir stjórn og síðar birt opinberlega. Breytingatillögur er skarast milli nefnda skulu unnar í samráði milli nefnda áður en þær eru teknar fyrir hjá stjórn.

Nefndarmeðlimir skulu starfa eftir siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU, sem og öðrum almennum reglum og reglugerðum ÍSS.

#### Meðhöndlun vinnuskjala

Í samræmi við lög Persónuverndar skulu skjöl og önnur gögn sem eiga við um störf nefnda sem/og stjórnar ÍSS ætíð meðhöndlast sem trúnaðargögn og sem eign Skautasambandsins.

Nefndir hafa tölvupósta og geymslusvæði á sameiginlegu drifi þar sem samskiptum og gögnum skal haldið til haga. Óheimilt er með öllu að eyða gögnum eða samskiptum er varða starfseminu og almenna nefndarvinnu.

Gögn sem unnin eru á vegum nefnda eru eign Skautasambandsins og skulu nefndarmeðlimir sjá til að þau séu á gagnsvæðum Skautasambandsins við lok nefndarsetu.

### **Reglugerð nr. 11 Dómara- og tækninefnd**

#### **Skipun dómara- og tækninefndar**

Dómara- og tækninefnd skal skipuð úr röðum dómara og tæknisérfræðinga er hafa landsréttindi eða hærrí. Leitast skal eftir að að lágmarki einn nefndarmeðlimur hafi alþjóðleg dómara-/tæknidómararéttindi frá ISU. Formaður skal kosinn af stjórn sem síðan velur sér nefndarmenn í samstarfi/samráði við stjórn.

Ef nefndarmaður forfallast til lengri tíma skal nýr fulltrúi tilnefndur í hans stað af stjórn ÍSS.

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga geta ekki átt sæti í nefndinni. Starfi nefndarmeðlimur einnig sem þjálfari skal viðkomandi vera meðvitaður um siðareglur ÍSS þ.m.t. vanhæfi og aðskilnað dómara og þjálfara.

Dómara- og tækninefnd skal starfa samkvæmt Reglugerð nr. 10 um fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala sem og siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU

#### **Verkefni dómara- og tækninefndar**

Árleg verkefni nefndarinnar eru:

- Aðstoða mótanefnd við undirbúning og tæknilega framkvæmd móta:
  - Uppfærsla á íslenskum keppnisreglum í dómakerfinu (ISU-calc).
  - Fara árlega yfir Mótahandbók ÍSS í samstarfi við formann mótanefndar ÍSS.
  - Fara yfir útprentuð gögn vegna móta (dómara- og tæknisérfræðinga og æfingadómara).
  - Undirbúningur dómarafunda.
  - Fara yfir framkvæmd móta vetrarins og koma með tillögur til úrbóta eftir þörfum.
- Endurskoða keppnisreglur og grunnpróf allra keppnisflokka sem og dómaraþlöð í samstarfi við þjálfaranefnd í síðasta lagi 1. maí ár hvert.
- Aðstoða við skipulag og framkvæmd menntunar fyrir dómara, tæknidómara og aðra á panel. Námskeið skal haldið að lágmarki einu sinni á ári.
- Viðmið í landslið í samráði við þjálfaranefnd.
- Taka þátt í stefnumótun íþróttarinnar.
- Verkefni sem stjórn ÍSS felur nefndinni eða sem nefndin tekur upp af sjálfdáðum og tengist eðli nefndarinnar.

### **Reglugerð nr. 12 Þjálfunar- og fræðslunefnd**

#### **Skipun þjálfunar- og fræðslunefndar**

Nefndin skal skipuð fulltrúum úr hópi þjálfara, dómara og tæknifólks.

Stjórn ÍSS skipar formann og nefndarmenn í samráði við hann.

Ef nefndarmaður forfallast til lengri tíma skal annar tilnefndur í hans stað af því félagi sem hinn forfallni fulltrúi kemur frá.

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga geta ekki átt sæti í nefndinni aðrir en skautþjálfarar.

Nefndin skal starfa samkvæmt Reglugerð nr. 10 um Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala sem og siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU.

### **Verkefni þjálfunar- og fræðslunefndar**

Nefndin sér um menntun fagfólks á sviði þjálfunar og dómgæslu og almenna fræðslu og útbreiðslu íþróttarinnar, s.s. námskeiðshald og fyrirlestra.

Nefndin vinnur að tæknilegum málefnum varðandi prófakerfi ÍSS m.a. Skautum regnbogann, grunnprófum og uppfærslu Grunnprófshandbókar.

Árleg verkefni nefndarinnar eru:

- Endurskoðun á kerfinu Skautum regnbogann.
- Skipulagning þjálfaranáms og framkvæmd. Námskeið skal haldið að lágmarki annað hvert ár.
- Skipulagning og framkvæmd á námi dómara og tæknifólks.
- Yfirferð grunnprófa og Grunnprófshandbókar í samstarfi við dómara- og tækninefnd.

### **Reglugerð nr. 13 Afreksnefnd**

#### **Skipun Afreksnefndar**

Afreksnefnd skal skipuð þremur einstaklingum sem hafa viðamikla þekkingu á íþróttinni á sviði þjálfunar eða dómgæslu.

Ef nefndarmaður forfallast um lengri tíma skal nýr fulltrúi tilnefndur í hans stað af stjórn ÍSS.

Virkir iðkendur, stjórnarmenn eða starfsmenn félaga geta ekki átt sæti í nefndinni. Hlutleysi meðlima gagnvart þeim einstaklingum sem verkefnin beinast að þarf að vera til staðar og því mega þeir ekki koma að daglegri þjálfun þess hóps skautara sem um ræðir.

Afreksnefnd skal starfa samkvæmt Reglugerð nr. 10 um Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala sem og siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU.

Nefndin vinnur eftir útgefnum viðmiðum ÍSS um val í landsliðshópa. Nefndin getur tekið afstöðu ef upp koma veikindi, slyss eða aðrar gildar ástæður sem aftra skauturum að uppfylla kröfur um þátttöku á mótum sem notuð eru til viðmiða í landsliðshóp.

Öllum vottorðum um slík forföll skal komið til nefndarinnar til yfirferðar og umfjöllunar og sendast á [afreksnefnd@iceskate.is](mailto:afreksnefnd@iceskate.is).

#### **Verkefni afreksnefndar:**

- Staðfesting, eftirfylgni og utanumhald á viðmiðum og árangri skautara í afrekshóp og afreksefna með reglulegri yfirferð á protocolum.
- Val á landsliði/íþrottamönnum í ýmis verkefni á vegum ÍSS þ.m.t ISU mót sem farin eru á vegum ÍSS og námskeið sem sent er á.
- Staðfesta þátttökurétt keppenda á mót sem þeir óska eftir að taka þátt í.
- Val á skautakonu ársins, skal skilast árlega til stjórnar viku eftir Íslandsmót .
- Yfirferð á viðmiðum ÍSS.
- Stefnumótun afreksmála ÍSS, í samvinnu við stjórn ÍSS.
- Önnur verkefni sem stjórn ÍSS felur nefndinni eða sem nefndin tekur upp af sjálfdáðun og tengist eðli nefndarinnar.

Niðurstöðum nefndarinnar ásamt rökstuðningi skal haldið til haga í skýrslu og komið til stjórnar ÍSS til staðfestingar. Þurfi að víkja frá útgefnum viðmiðum ber að rökstyðja niðurstöðu nefndarinnar í skýrslunni.

## Reglugerð nr. 14 Mótanefnd

### Skipun mótanefndar

Mótanefnd er nefnd á vegum ÍSS skipuð af stjórn ÍSS. Formaður er tilnefndur af stjórn ÍSS. Auk hans skulu a.m.k. þrír aðrir eiga sæti í nefndinni, einnig skipaðir af stjórn ÍSS í samráði við tilnefndan formann. Leitast skal við að nefndin hafi fulltrúa frá hverju félagi.

Hvert aðildarfélag skipar mótstjóra fyrir hvert keppnistímabili eigi síðar en 1. júlí ár hvert. Mótstjórar aðildarfélaganna eru tengiliðir formanns mótanefndar ÍSS og aðildarfélags síns og sjá, með honum, um skipulag og framkvæmd móta ÍSS á tímabilinu.

Stjórn ÍSS ásamt mótstjórn skipar eftirlitsaðila á mótum og er sá fulltrúi viðstaddur á meðan á móti stendur.

Mótanefnd skal starfa samkvæmt Reglugerð nr. 10 um Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala sem og siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU.

### Verkefni mótanefndar:

- Hafa eftirlit með framkvæmd á öllum mótum á Íslandi og yfirumsjón með öllum ÍSS mótum.
- Árleg endurskoðun og uppfærsla á Mótahandbók ÍSS í samvinnu við dómara- og tækniráð. Öll mót skulu fara fram í samræmi við Mótahandbók.
- Aðildarfélögum ber skylda til að tilkynna mótahald til ÍSS.
- Formaður mótanefndar skilar heildarskýrslu fyrir mótahald keppnistímabilsins til stjórnar ÍSS í lok tímabilsins, eigi síðar en 1. júní ár hvert.

## Reglugerð nr. 15 Laganefnd

### Skipun laganefndar

Laganefnd er nefnd á vegum ÍSS skipuð af stjórn ÍSS í aðdraganda að Skautaþingi, eigi seinna en 4 mánuðum fyrir næsta þing.

Nefndarmenn eru þrír og er formaður valinn sérstaklega.

Laganefnd skal starfa samkvæmt Reglugerð nr. 10 um Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala sem og siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU.

### Verkefni laganefndar

Nefndin vinnur að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS til samræmingar og/eða leiðréttingar. Laganefnd skal einnig sjá um að semja tillögur til laga- og/eða reglugerðabreytinga.

Allar tillögur að reglugerðarbreytingum skulu rökstuddar og lagðar fyrir stjórn til endanlegrar umfjöllunar.

Laganefnd getur, ef ástæða er til, skilað álit um einstakar og augljósar villur í lögum sem gætu orðið tilefni til deilna eða mistúlkunar.

Nefndin skal skila álitserð og tillögum að lagabreytingum til stjórnar ÍSS fjórum vikum fyrir skautaðing.

## Reglugerð nr. 16 Kjörnefnd

### Skipun Kjörnefndar

Kjörnefnd er skipuð af stjórn ÍSS eigi síðar en 1. febrúar ár hvert skv. 7. grein laga ÍSS.

Leitast skal við að hvert aðildarfélag eigi fulltrúa í nefndinni.

Kjörnefnd skal starfa samkvæmt Reglugerð nr. 10 um Fastanefndir ÍSS og meðhöndlun vinnuskjala sem og siðareglum ÍSS, ÍSÍ og ISU.

**Verkefni kjörnefndar**

Hlutverk kjörnefndar er að taka á móti framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS og leggja fram tillögur til þingsins um nýja stjórnarmenn eins og lög ÍSS gera ráð fyrir.

**Reglugerð nr. 17-19 frátekna**



### III.kafli: Móta- og keppnisreglur

#### Reglugerð nr. 20 Mót

Mótanefnd ÍSS hefur umsjón með mótahaldi á Íslandi.

Mót á Íslandi skiptast í eftirfarandi flokka: Alþjóðleg ISU mót, önnur alþjóðleg mót, ÍSS mót, millifélagamót og innanfélagsmót.

Mót skulu fara fram samkvæmt mótahandbók sem gefin er út af ÍSS. ÍSS fylgir að auki Móta- og keppendareglum ÍSI og ISU.

Yfirdómari skal skila inn skýrslu um mótið til ÍSS eigi síðar en 2 vikum eftir mótslok. Eyðublað vegna skýrsluskila má finna á heimasíðu ÍSS, [www.iceskate.is](http://www.iceskate.is), og skal útfyllt sent á [events@iceskate.is](mailto:events@iceskate.is).

Framkvæmd móta ÍSS skulu dreifast jafnt á aðildarfélögin og skal mótaskrá uppfærð árlega, að vori.

ÍSS heldur Haustmót, Bikarmót, Íslandsmót og Vetrarmót/Vormót þar sem keppt er í öllum flokkum í Keppniskerfi ÍSS.

Að auki sér ÍSS, í samvinnu við aðildarfélög og mótanefnd, um skipulagningu og framkvæmd RIG og Norðurlandamóts.

#### Dómarar og starfsmenn panels á mótum

- Alþjóðleg ISU mót: ÍSS mannar mótin skv. reglu 107 og 121 ISU Constitutions and general regulations.
- Önnur alþjóðleg mót: Mót sem skipulögð eru af ÍSS/aðildarfélögum. Á alþjóðlegum mótum skulu dómara og tæknisérfræðingar (TS) vera að lágmarki með landsdómara réttindi. Þó mega 1-2 dómara vera með lægri réttindi\*.
- ÍSS mót: Mót sem skipulögð eru af ÍSS. Dómara og Tæknisérfræðingar (TS) skulu að lágmarki vera með landsdómara réttindi. Þó mega 1-2 dómara vera með lægri réttindi og 1 tæknisérfræðingur (TS) vera með lægri réttindi\*. ÍSS mannar mótin.
- Millifélagamót: Mót sem skipulögð eru af félagi og öðrum félögum boðin þátttaka. Á millifélagamótum eiga dómara að vera með dómara réttindi. Yfirdómari skal að lágmarki vera með landsdómara réttindi. Félagin manna mótin.
- Innanfélagsmót: Á innanfélagsmótum skulu dómara hafa dómara réttindi í því keppniskerfi sem notað er. (Keppniskerfi Félaganna eða ÍSS reglur) Félagið manna mótið.

\*Heimilt er að setja dómara af lægra stigi í yngri flokka skv. Stigakerfi ÍSS.

#### Keppnis- og keppendareglur

Keppnistímabilið er frá 1. júlí til 30. júní, sbr. reglur ISU og skal aldurskipting í keppnisflokka miðast við aldur keppenda 1. júlí. Ekki er leyfilegt að keppa niður fyrir sig í aldri.

ÍSS skilgreinir keppnisflokka á Íslandi og gefur út keppnisreglur annarra flokka en skilgreindra ISU flokka.

Keppniskerfinu er skipt upp í tvær leiðir: Keppniskerfi ÍSS og Keppniskerfi félaganna.

Til að öðlast þátttökurétt á ÍSS mótum þarf keppandi að vera félagsbundinn aðildarfélagi ÍSS og að hafa lokið Grunnprófi ÍSS í viðkomandi flokki.

#### Félagaskipti

Sá sem óskar félagaskipta og uppfyllir hlutgengi ÍSS skal skila til ÍSS yfirlýsingu um félagaskiptin á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu ÍSS. Tilkynningar á öðru formi eru ekki teknar gildar.

Það er á ábyrgð iðkandans, eða forráðamanna hans, að félagaskiptin fari rétt fram.

Iðkendum er heimilt að skipta um félag einu sinni á hverju keppnistímabili nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Hafi reglum um félagaskipti verið fylgt tilkynnir ÍSS til iðkandans og nýja félagsins frá og með hvaða tíma hann telst gjaldgengur. Slíkur frestur er þó aldrei styttri en fimm vikur frá því að tilkynningin um félagaskiptin er staðfest af ÍSS.

## Um Íslandsmeistaratitil

Á Íslandsmóti skal keppt um **Íslandsmeistaratitil** í eftirfarandi keppnisflokkum: Kvenna-/Karlaflokkur (Senior), Unglingaflokkur (Junior), Stúlkna-/Drengjaflokkur (Advanced Novice). Íslandsmeistari getur eingöngu orðið skautari sem keppir fyrir aðildarfélag ÍSS. Samkvæmt Móta- og keppendareglum ÍSÍ þurfa erlendir ríkisborgarar að hafa verið búsettir á Íslandi í amk. 3 ár áður en þeir öðlast þátttökurétt á móti til Íslandsmeistaratitils.

## Dómarakerfi og tækniþúnaður

ÍSS notar 2 dómarakerfi: International Judging System (IJS), alþjóðakerfi ISU og Stjórnuakerfið. IJS skal notað í Keppniskerfi ÍSS og Stjórnuakerfið í Keppniskerfi Félaganna.

Útfærslur dómarakerfa fara eftir töflunni hér að neðan:

### Kerfi A

Mót	Starfsmenn	Tækniþúnaður	Úrslit
- Alþjóðleg mót - ÍSS mót	- 5 Dómarar (Auk Yfirdómara(Referee) á ISU mótum) - Tæknistjórnandi (TC) - 2 Tæknisérfræðingar (TS) - 2 DRO/DVO - 1-2 Videoupptökumenn - Tæknimenn/konur eftir þörfum	- Allt IJS tölvukerfi er notað*	- ISU Calc - Yfirdómari (Referee) - Tæknistjórnandi (TC)
*Hægt er að keyra ÍSS mót á pappír ef þörf krefur			

### Kerfi B

Mót	Starfsmenn	Tækniþúnaður	Úrslit
- Millifélagamót - Innanfélagsmót*	- 3-5 Dómarar - Tæknistjórnandi (TC) OG 1 Tæknisérfræðingur (TS) EÐA 2 Tæknisérfræðingar (TS) - 2 Reiknimeistarar	- IJS dómarakerfi er notað - Dæmt er á pappír - 2 tölvur - Hægt er að leigja heyrnatól (headsets)	- Reiknimeistari - Yfirdómari (Referee) - Tæknistjórnandi (TC)*
*Á innanfélagsmóti má hafa 1 Tæknistjórnanda (TC) EÐA 1 Tæknisérfræðing (TS)			*Þegar einungis eru Tæknisérfræðingar (TS) eru úrslit undirrituð af Tæknisérfræingi (TS)

### Kerfi C

Mót	Starfsmenn	Tækniþúnaður	Úrslit
- Millifélagamót - Innanfélagsmót	- 3 Dómarar - 2 Reiknimeistarar	- Keppniskerfi Félaganna - Dæmt er á pappír	- Reiknimeistari - Yfirdómari (Referee)

## **Reglugerð nr. 21 Keppnisreglur ÍSS**

Keppnisflokkar:

- Chicks - 8 ára og yngri
- Cubs - 10 ára og yngri
- Basic Novice A - 10-12 ára
- Basic Novice B - 13-17 ára
- Advanced Novice - 10-14 ára
- Junior - 13-18 ára
- Senior - 15 ára og eldri
- Adult - 18 ára og eldri

Eftirfarandi eru ISU flokkar: Basic Novice A, Basic Novice B, Advanced Novice, Junior og Senior. Keppnisreglur eru þær sömu og reglur ISU. Aðrir flokkar eru ákveðnir af ÍSS.

Til að öðlast keppnisrétt þurfa skautarar að hafa lokið Grunnpróflágmörkum í hvern keppnisflokk.

Keppnisreglur ÍSS skulu yfirfarnar af dómara- og tækninefnd í lok hvers tímabils og sendist til samþykktar af Stjórn ÍSS í maí ár hvert.

Fara skal eftir reglum um mönnun dómara- og tæknipanelis úr Mótahandbók ÍSS til að mót og úrslit keppnisflokka séu viðurkennd af ÍSS.

## **Reglugerð nr. 22 Keppniskerfi félaga**

Keppt er í eftirfarandi keppnisflokkum á millifélaga - og innanfélagsmótum félaganna sem eru ekki haldin á vegum ÍSS

- 8 ára og yngri
- 10 ára og yngri
- 12 ára og yngri
- Novice / Stúlkna- og drengjaflokkur
- Junior / Unglingaflokkur
- Senior / Fullorðinsflokkur

## **Reglugerð nr. 23 Grunnpróf**

Skautasamband Íslands gefur út Handbók um Grunnpróf og skal framkvæmd grunnprófa vera í samræmi við hana.

Skautasamband Íslands (ÍSS) útvegar dómara og TS/TC eftir því sem við á í þeim grunnprófum sem þeim er ætlað að skipuleggja. Dómarar og Tæknisérfraeðingar (TS) skulu hafa réttindi og hafa hlotið kennslu / farið á námskeið er varðar dómgæslu í grunnprófum.

ÍSS heldur próf tvisvar á ári, á vor- og haustönn. Sambandið ber þá allan kostnað og sér um dómara og annað skipulag.

Félögum er heimilt að óska eftir aukaprófum, en sjá þá sjálf um skipulag og bera kostnað vegna þeirra.

Dómarablöð grunnprófa (Judging Sheets) eru formleg prófgögn ÍSS.

Sambandið gefur út Grunnprófskírteini til próftaka.

Próf í Grunnæfingum (pattern) falla aldrei úr gildi. Próf í skylduæfingum (elements) fellur úr gildi ef það er ekki notað í eitt (1) ár frá þeirri dagsetningu sem því var náð.

## Reglugerð nr. 24 Skautum regnbogann

Skautum regnbogann er kerfi fyrir skautaskóla til eflingar á grunnskautun í umsjón skautafélaga landsins en yfirumsjón er í höndum Skautasambands Íslands.

Kennsla í kerfinu fer fram hjá skautafélögunum og byggist á hópkenndu sem framkvæmd er af þjálfurum sem hafa lokið að lágmarki þjálfararéttindum á fyrsta stigi.

Skautum regnbogann skiptist í 7 stig. Hægt er að fara í gegnum stigin óháð tíma eða röð í samráði við þjálfara.

Þegar skautari hefur náð öllum stigunum hjá félagi sínu, tekur hann sitt fyrsta próf hjá ÍSS.

## Reglugerð nr. 25 Merkingar og auglýsingar

Allar merkingar og auglýsingar á fatnaði skulu vera í samræmi við ISU reglu 102 í Constitution and General Regulations.

Þetta á við um alla íslenska keppendur og fylgdarlið þeirra.

Í keppnisferðir á vegum ÍSS skulu keppendur sem keppa á vegum ÍSS, þjálfarar og aðrir í fylgdarliði, eingöngu hafa merkingar og auglýsingar styrktaraðila ÍSS á fatnaði sínum

## Reglugerð nr. 26 Starfsfólk dómaraþpanels

Dómarar, tæknistjórnendur, tæknisérfræðingar og tæknifólk, sem fá boð um að starfa á mótum erlendis ber að láta ÍSS vita um leið og slíkt boð berst. ÍSS getur farið fram á að mót á vegum sambandsins sé tekið fram yfir mót erlendis.

Allt starfsfólk dómaraþpanels þarf að skila skýrslu um störf sín til ÍSS fyrir 15. júní árlega.

Allt starfsfólk skal hafa góð tök á enskri tungu bæði í riti og máli, temja sér góðan samskiptamáta og geta starfað í hópi undir álagi.

Allir dómarar þurfa að kunna góð skil á bæði Keppniskerfi Félaganna og IJS kerfi (Alþjóðlega dómaraþkerfi ISU) og afla sér reglulega upplýsinga um breytingar hafi þær átt sér stað. Byrjendur skulu sitja sem æfingadómarar.

### Vinnuskylda

ÍSS ætlast til þess að starfsfólk þpanels á lista þeirra sækja námskeið hjá ÍSS á hverju ári, en að minnsta kosti á 24 mánaða fresti.

Ef viðkomandi er búsettur erlendis og hefur tök á því að sækja námskeið hjá öðru skautasambandi þarf að skila inn staðfestingu þess efnis frá því sambandi sem námskeið er sótt hjá. (Skilyðri er að viðkomandi samband sé aðili að ISU).

Til þess að **halda réttindum** sínum á milli ára þarf viðkomandi að skila vinnuskyldu sem samsvarar:

- **20 klst** á ÍSS mótum – yfir **12 mánaða** tímabil
- **8 klst** á millifélaga/innanfélagsmótum og/eða Grunnprófum – yfir **24 mánaða** tímabil

Til þess að **færast upp í efra stig réttinda og/eða sækja um að fá alþjóðleg réttindi** þarf viðkomandi að skila vinnuskyldu sem samsvarar:

- **30 klst** á ÍSS mótum – yfir **12 mánaða** tímabil

- 10 klst á millifélaga/innanfélagsmótum og/eða Grunnprófum – yfir 24 mánaða tímabil

Réttindi sem starfsfólk hefur tapast aldrei. En sé viðkomandi frá störfum í 3 ár eða lengur og óskar þess að hefja aftur störf þarf að:

- Sækja námskeið ÍSS
- Sitja sem æfingadómari í að lágmarki 20 klst\* á því stigi sem starfað var á áður

\*Hvert tilvik er einstaklingsbundið og skal miðað við hversu langur tími er liðinn frá því að störfum lauk, á hvaða stigi viðkomandi er, niðurstöður prófa á námskeiðum sem og umsögn yfirdómara á þeim mótum sem setið er.

### **Stigakerfi ÍSS**

Til þess að viðhalda stigum, eða færa sig ofar, þarf að sækja námskeið ÍSS auk þess að skila lágmarks vinnu á hverju ári (sjá vinnuskyldu)

Raðað er í flokka eftir aldri, starfsreynslu, námskeið sótt og niðurstöðum prófa.

Þeir starfsmenn sem ná réttindum til ISU (ISU eða International) þurfa að skila vinnu skv. skilgreiningu frá ISU til að halda réttindum sínum.

Vilji sá sem fallið hefur úf af lista (ÍSS eða ISU) hefja störf að nýju, þarf hann að byrja á því að sækja námskeið ÍSS. Í framhaldi af því stíur hann sem æfingadómari / - tæknisérfræðingur skv. reglum um vinnuskyldu starfsfólks.

### **Dómarar og Yfirdómarar (Referee)**

ÍSS sér um menntun íslenskra dómara. Nauðsynlegt er að dómarar hafi verið skautarar og verði að minnsta kosti 16 ára á árinu til þess að sækja námskeið.

Dómarar taka próf og færast á milli stiga eftir stigakerfi ÍSS. Landsdómarar þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Dómarar á landsdómarastigi skulu ekki starfa jafnframt sem þjálfarar.

#### **Stigakerfi:**

##### *ISU Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum og grunnprófum
- Réttindi sem yfirdómari á ÍSS mótum í öllum flokkum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

##### *International Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum og grunnprófum
- Réttindi sem yfirdómari á ÍSS mótum í öllum flokkum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

##### *Landsréttindi*

- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum og grunnprófum
- Getur verið yfirdómari (Referee) í ÍSS flokkum á bæði ÍSS mótum og í Keppniskerfi félaganna
- Þarf að hafa náð 20 ára aldri

##### *Grunnréttindi*

- Réttindi til að starfa í ÍSS flokkum á ÍSS mótum

- Getur starfað á öllum millifélaga- og innanfélagsmótum
- Ef nauðsyn krefur er hægt að gera undantekningu til starfa í ISU flokkum á ÍSS mótum
- Þarf að hafa náð 18 ára aldri

#### *Keppniskerfi félaganna*

- Réttindi til að starfa í Keppniskerfi félaganna
- Þarf að hafa náð 16 ára aldri

#### *Vanhæfi*

Dómarar og yfirdómarar starfa eftir reglugerð um vanhæfi. Vanhæfi getur að auki átt við vegna þjálfunarstarfa, einkatíma og annarra starfa er talin eru geta haft áhrif á hlutdrægni dómara.

Dómarar og yfirdómarar skulu ekki koma að þjálfun grunnprófa í félögum, hvorki almennri þjálfun grunnprófa eða einkatímum.

Sá sem telur að seta sín sem dómari, í hvoru keppniskerfinu sem er, orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því. Dómari ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara.

Fái dómari vitneskju um það á mótstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara. Yfirdómari skal gæta vel að hugsanlegu vanhæfi sínu.

Dómurum og yfirdómurum sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega og oftast ef þurfa þykir. Hætti viðkomandi störfum sínum sem þjálfari getur hann ekki hafið störf sem dómari eða yfirdómari í þeim keppnisflokkum sem hann þjálfaði fyrr en á næsta keppnistímabili.

Dómarar og yfirdómarar geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

#### **Tæknistjórnandi (TC)**

ÍSS sér um menntun tæknistjórnenda og koma þeir úr röðum dómara.

Til að hefja nám þarf viðkomandi að hafa að minnsta kosti fjögurra ára reynslu sem Landsdómari og hafa náð 24 ára aldri.

#### Stigakerfi:

##### *ISU Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

##### *International Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

##### *Landsréttindi*

- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur verið TC í öllum flokkum
- Þarf að vera að lágmarki með International Réttindi sem dómari

##### *Grunnréttindi*

- Réttindi til að starfa í ÍSS flokkum á ÍSS mótum
- Getur starfað sem TC á millifélagamótum í stað TS
- Ef nauðsyn krefur er hægt að gera undantekningu til starfa í ISU flokkum á ÍSS mótum
- Þarf að hafa að lágmarki Landsréttindi sem dómari

### *Vanhæfi*

Tæknistjórnendur starfa eftir reglugerð um vanhæfi.

Sá sem telur að seta sín sem tæknistjórnandi í einhverjum keppnisflokki orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því.

Fái tæknistjórnandi vitneskju um það á mótsstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara.

Tæknistjórnandi ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara.

Tæknistjórnendur sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega og oftár ef þurfa þykir.

Tæknistjórnendur geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

### **Tæknisérfræðingar (TS)**

ÍSS sér um menntun tæknisérfræðinga.

Til að hefja nám þarf viðkomandi að hafa verið:

- Keppandi á efstu stigum íþróttarinnar
- Vera virkur í íþróttinni t.d. sem þjálfari.

#### Stigakerfi:

##### *ISU Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum og grunnprófum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

##### *International Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum og grunnprófum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

##### *Landsréttindi*

- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum og grunnprófum
- Getur verið TS í öllum flokkum
- Þarf að hafa náð 20 ára aldri

##### *Grunnréttindi*

- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur verið TS í ÍSS flokkum, ATS í ISU flokkum
- Getur verið TS á millifélaga- og innanfélagsmótum
- Ef nauðsyn krefur er hægt að gera undantekningu til starfa í ISU flokkum á ÍSS mótum
- Þarf að hafa náð 18 ára aldri

### *Vanhæfi*

Tæknisérfræðingar starfa eftir reglugerð um vanhæfi.

Sá sem telur að seta sín sem tæknisérfræðingur í einhverjum keppnisflokki orki tvímælis vegna vanhæfis skal vekja athygli mótshaldara á því.

Fái tæknisérfræðingur vitneskju um það á mótsstað að hæfi hans sé dregið í efa skal hann tilkynna slíkt til yfirdómara. Tæknisérfræðingur ber ábyrgð á að meta vanhæfi sitt og/eða bera vafaatriði undir yfirdómara.

Tæknisérfræðingar sem starfa sem þjálfarar ber að upplýsa ÍSS um eðli þjálfarastarfa sinna árlega og oftár ef þurfa þykir.

Tæknisérfræðingar geta sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

## Tæknifólk (DRO)

ÍSS sér um menntun tæknifólks.

Æskilegt er að DRO séu fyrrverandi skautarar eða reglulegir starfsmenn í íþróttinni t.d. þjálfarar eða dómara, vel tölvufærir og orðnir 18 ára.

### Stigakerfi:

#### *ISU Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

#### *International Réttindi*

- Þegar próf hefur verið staðist hjá ISU
- Réttindi til að starfa á ISU Alþjóðamótum
- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur haldið námskeið hjá ÍSS í sínu fagi

#### *Landsréttindi*

- Réttindi til að starfa á ÍSS mótum
- Getur starfað í öllum flokkum
- Þarf að hafa náð 20 ára aldri

#### *Grunnréttindi*

- Réttindi til að starfa í ÍSS flokkum á ÍSS mótum
- Ef nauðsyn krefur er hægt að gera undantekningu til starfa í ISU flokkum á ÍSS mótum
- Getur starfað á öllum millifélaga- og innanfélagsmótum
- Þarf að hafa náð 18 ára aldri

Tæknifólk getur sem þjálfarar ekki fylgt keppendum á mót sem þeir einnig starfa á.

## Reglur um val starfsmanna

Krítaría sem farið er eftir þegar valið er í verkefni á vegum ÍSS fyrir starfsfólk:

- Þeir sem hafa réttindi til starfa á viðkomandi móti
- Ef fleiri ein eitt samskonar verkefni eru í boði er þeim skipt á milli einstaklinga
- Ef tveir eða fleiri hafa sömu réttindi skal velja eftir
  - Starfsaldri
  - Reynslu
  - Síndri vinnu á síðasta tímabili\*
  - Áhuga viðkomandi á verkefni sem um ræðir

\*Hvað er átt við með síndri vinnu á síðasta tímabili:

- Viðkomandi hefur unnið á þeim ÍSS mótum sem var óskað eftir
- Viðkomandi hefur unnið í þeim grunnprófum sem var óskað eftir
- Viðkomandi hefur haldið námskeið að beiðni ÍSS
- Viðkomandi hefur sýnt frumkvæði að verkefnum sem heyra undir starfssvið hans

## **Reglugerð nr. 27-29 frátekna**